

Afleiðingar viðbragða við covid-19 á börn og unglina

Fjöldi rannsókna sýnir fram á, að innilokanir og grímunotkun, meðan á faraldrinum stóð, hafi trúlega skert þroska og heilsu barna og unglina.

Hér er ný rannsókn um efnið, gerð af teymi vísindamanna undir stjórn sálfræðiþrífessorsins, Ian H. Gotlib, við Stanford háskólann. Um er að ræða fjölaðferða rannsókn. M.a. eru sneiðmyndir teknar. Hún birtist í tímaritinu, „Líffræðilegri geðfræði“ (Biological Psychiatry) Þar stendur m.a.:

„Það er ekki bara svo, að covid-19 faraldurinn virðist hafa haft í för með sér verri andlega heilsu og hraðari öldrun heilans, heldur skapar hann vísindamönnum áskoranir við greiningu langtíma rannsókna á eðlilegri þróun, sem raskað var af faraldrinum.“

Afleiðingunum svipar til þeirra, sem sjást við misþyrmingar barna í æsku, misnotkun og vanrækslu.

Þetta er eitt framlag af mörgum, sem benda í sömu átt. En úrtakið var fámennnt og kynskakkt, þ.e. skoðuð var heila og þroski 163 stúlkna á San Francisco svæðinu. Höfundar vísa til um fjörutíu skyldra rannsókna.

Vondar afleiðingar covid-19 bóluefnanna á börn og unglina eru nú svo augljós, að jafnvel „Sjúkdómaeftirlits- og heilsuverndarstofnun Bandaríkjanna“ (Centers for Disease Control and Prevention – CDC) hefur undið sér í rannsóknir á þeim.

Í rannsókn þeirra kemur m.a. fram, að 37% framhaldsskólanema (high school students) töldu heilsu sinni hafa hrakað, meðan á faraldrinum stóð; 44% skýrðu frá þrálátri depurð og vonleysi síðasta árið; rúmlega 55% töldu sig hafa orðið fyrir tilfinningalegri misnotkun (abuse) af hendi foreldris/fullorðins á heimilinu; 11% skýrðu frá líkamlegu ofbeldi; 29% sögðu foreldri/fullorðinn á heimilinu hafa misst vinnu sína.

Debra Houry, varaforstjóri CDC, segir: „Unglingar, sem eru lespur, hommar eða til beggja kynja, skýrðu frá enn verri heilsu; tilfinningalegri misnotkun af hálfu foreldris eða umsjónaraðilja, og tíðari tilraunum til sjálfsvígs en jafnaldrar þeirra.“

Á grundvelli fagþekkingar var að miklu leyti unnt að rýna eðli veirunnar, sjá fyrir hegðun hennar og afleiðingar kúgandi viðbragða stjórnvalda, þ.e. sviptingu mannréttinda, grímuskyldu, lokanir, einangrun og fjarlægðarþvinganir. Bara gríman ein og sér hefur seinkað mál-, tilfinninga- og félagsþroska barna á viðkvæmasta þroskastigi. Þetta hefur haft örlagarík áhrif á námshæfni, m.a. lestur og skrift. Í

fátækum ríkjum veraldar hafa viðbrögðin leitt til hungursneyðar og aukins þrældóms barna. Átakanlegt!

Það er ljóst, að bólusetningin sjálf hefur valdið mörgum börnum, ungmennum og fullorðnum, heilsutjóni – sumum fjörtjóni. Enn eru ekki öll kurl komin til grafar í því efni. Bóluefnin hafa að öllu líkindum skert getu ónæmiskerfisins til að verja líkamann fyrir alls konar sóttkveikjum. Því má gera ráð fyrir auknum og alvarlegri veikindum eins og nú má sjá t.d. í Bretlandi þar sem börn deyja vegna streptókokkasýkingar. Það verður erfitt að fela það undir stóru „regnhlífinni,“ „þrálátum covid-sjúkdómi“ (long covid).

Aðgerðir stjórnvalda – á Íslandi m.a. – lýstu fumi og fátí, án nokkurs faglegs eða vísindalegs rökstuðnings. Þau okkar, sem reyndu að vara við á fyrstu stigum, voru ekki virt viðlits af heilbrigðisyfirvöldum og stjórnámálönnum, sem bera ábyrgð á þessum hörmungum.

Skaðsemi viðbragða þeirra, gerræði og einsýni, mun vonandi verða brotin til mergjar við dómstóla – líka á Íslandi. Nokkur mál hafa reyndar þegar komið til kasta dómstóla.

Það er skelfilegt til þess að hugsa, að nefnd viðbrögð hafi verið skipulögð og æfð fyrir tilstilli alþjóðlegs auðvalds, stofnana þeirra – m.a. Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (World Health Organization)- og sjóða, ásamt stjórnvöldum.

Skoðanaofbeldi hagsmunaaðilja og samvinna fjölmiðja, stjórnvalda og leyniþjónustu um þá ósvinnu, var við brugðið og ekki síður ógnvænlegt.

<https://profiles.stanford.edu/ian-gotlib>

https://www.prosecutenow.io/?fbclid=IwAR2BPY9sLA_Uob0JA_3X9rnrlGIY_OF08n1neJYYwvtpjaWu0_NkbcqBjU8

<https://expose-news.com/2022/08/22/female-children-57percent-increase-deaths-after-covid-vaccination/>

<https://humsci.stanford.edu/>

<https://krossgotur.is/twitter-skjolin-adeins-blabyrjunin/?fbclid=IwAR2YNzfWeQU3eK23-Pc0VrqADfhP5pDGtn7sKx2J5ln5VecOeRAA4XbbPCA>

<https://expose-news.com/2022/10/01/usa-children-injured-covid-vaccination/>

<https://www.unicef.org/press-releases/child-labour-rises-160-million-first-increase-two-decades>

<https://expose-news.com/2022/12/14/strepa-covid-vaccination-killing-children/>

<https://data.unicef.org/resources/child-labour-2020-global-estimates-trends-and-the-road-forward/>

<https://expose-news.com/2022/09/24/europe-more-excess-deaths-2022-than-2020-2021/>

<https://www.project-syndicate.org/commentary/tackling-covid19-hunger-education-crisis-by-gordon-brown-and-mark-lowcock-2021-02>

<https://www.ed.ac.uk/news/2020/shutting-schools-increases-covid-19-deaths-study-f>

<https://expose-news.com/2022/10/02/23k-children-dead-europe-after-covid-vaccination/>

<https://psykologtidsskriftet.no/fagessay/2021/06/sosial-nedstengning-og-suicidalitet-hos-ungdom>

<https://expose-news.com/2022/10/25/58k-children-injured-covid-vaccination-in-the-usa/>

<https://www.indiatoday.in/education-today/news/story/closure-of-1-5-million-schools-in-india-due-to-covid-19-pandemic-impacts-247-million-children-1775892-2021-03-05>

<https://www.uib.no/igs/135092/bergen-i-endring-covid19-studien-bie-studien>

<https://www.economist.com/international/2022/07/07/covid-learning-loss-has-been-a-global-disaster>

https://www.bt.no/btmeninger/debatt/i/weRXan/ungdom-rammes-hardt-av-roedt-nivaa?fbclid=IwAR2yWwgRsrsbVvAydpgOWDgm8t-AfXSms2CTH7rEGmFJ4ItZT_ZHYIVpVo0

<https://www.cdc.gov/media/releases/2022/p0331-youth-mental-health-covid-19.html>

<https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S2667174322001422?via%3Dihub>